



Reykjavíkurborg  
Mannréttindaskrifstofa

14.04.2016

# Skýrsla starfshóps um leiðir til að ná til innflytjenda varðandi heimilisofbeldi



## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Markmið með vinnu starfshópsins .....	2
3. Skilgreining hugtaka .....	2
4. Sérstaða innflytjenda í tengslum við heimilisofbeldi .....	3
4.1. Tungumálabekking.....	3
4.2. Þekking á samfélaginu og úrræðum í boði.....	4
4.3. Rangar upplýsingar .....	4
4.4. Dvalar- og atvinnuleyfi .....	4
4.5. Ríkisborgararéttur.....	4
4.6. Sjúkratrygging.....	4
4.7. Framfærsla .....	5
4.8. Lífeyrir .....	5
4.9. Túlkaþjónusta .....	5
5. Þjónusta.....	5
5.1. Neyðarþjónusta .....	6
5.2. Langtímaþjónusta .....	6
6. Upplýsingaefni.....	7
6.1. Gagnlegt þýtt efni sem til er á netinu .....	7
6.2. Gagnlegt þýtt efni sem eingöngu er til á prenti.....	8
6.3. Gagnlegt efni á netinu sem bara er til á íslensku.....	8
6.4. Síður á netinu .....	8
7. Upplýsingamiðlun.....	9
7.1. Form upplýsingagjafar .....	9
7.2. Upplýsingagjöf til almennings.....	10
7.3. Upplýsingagjöf til fagaðila .....	10
7.4. Upplýsingagjöf og fræðsla til aðila verkefnisins .....	11
8. Tillögur.....	11
Heimildaskrá.....	14
Fylgiskjal .....	15

## 1. Inngangur

Reykjavíkurborg og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vinna saman að átaki gegn heimilisofbeldi undir heitinu **Saman gegn ofbeldi**. Kvennaathvarfið og Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu eru einnig þátttakendur í verkefninu með fulltrúa í verkefnisstjórn. Markmið samstarfsins er að bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum betri þjónustu og fá gerendur til að sækja sér meðferð. Auk þess er markmiðið að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Verkefnið gengur út á upplýsingamiðlun um ofbeldi þ.m.t. um birtingamyndir ofbeldis, íslenskan lagaramma er lýtur að ofbeldi, meðferðarmöguleika fyrir þá sem beita ofbeldi, ráðgjöf, stuðning og þjónustu sem stendur þeim til boða sem eru beittir eða hafa verið beittir ofbeldi, upplýsingar um verksvið lögreglu og hlutverk barnaverndar. Í verkefninu var ákveðið að líta sérstaklega til fatlaðs fólks og innflytjenda.

Skipaður var starfshópur til að finna leiðir til að ná til innflytjenda með upplýsingar um ofbeldi og hvert sé hægt að leita verði viðkomandi fyrir ofbeldi. Í honum voru:

**Gerður Gestsdóttir**, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og leiðtogi hópsins;  
**Gunnhildur Gunnarsdóttir** og **Anna Katarzyna Wozniczka**, W.O.M.E.N. in Iceland (Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi);  
**Hildur Guðmundsdóttir**, Kvennaathvarfinu;  
**Helena Wolimbwa**, Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði;  
**Berglind Eyjólfsdóttir**, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Ábyrgðarmaður starfshópsins var Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.

Starfshópurinn fundaði fjórum sinnum á tímabilinu 28. janúar 2016 til 31. mars 2016. Í starfshópnum var áratuga reynsla og þekking á málaflokknum en auk þess var gestum boðið á fundi. Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, þátttakandi í Kvennaráðgjöfinni og stjórnarkona í Stígamótum kom og Ísól Björk Karlsdóttir, starfskona Kvennaathvarfsins sem rannsakað hefur mikilvægi samfélagsfræðslu til innflytjenda með sérstaka áherslu á upplýsingagjöf til kvenna sem búa við ofbeldi.

## 2. Markmið með vinnu starfshópsins

Starfshópurinn fékk það verkefni að vinna tillögur um þann þátt verkefnisins sem snýr að innflytjendum. Hlutverk hans var að:

1. Taka saman upplýsingar um hvaða efni er til um viðfangsefni verkefnisins og hvaða þjónusta er í boði.
2. Gera tillögu að því hvort þurfi að uppfæra efni sem er til eða setja saman nýtt.
3. Kortleggja hvar og hvernig hægt er að koma upplýsingum til markhópsins.
4. Gera tillögu að því á hvaða formi er best að koma upplýsingum til markhópsins.
5. Gera tillögu að upplýsingagjöf og fræðslu til samstarfsaðila verkefnisins.

## 3. Skilgreining hugtaka

Margvísleg hugtök eru notuð í umræðunni um innflytjendur og mikilvægt að ljóst sé til hvers þau vísa. Hér eru tekin saman þau hugtök sem höfð eru til grundvallar í þessari samantekt, en margt fleira en hér er nefnt hefur áhrif á efnahagslega- og félagslegastöðu innflytjenda:

**Innflytjandi:** Íbúi á Íslandi sem fæddur er erlendis, óháð ríkisborgararétti.

**Erlendur ríkisborgari:** Innflytjandi sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

**EES borgari:** Einstaklingur frá landi sem tilheyrir Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA. Þeir njóta mikilla réttinda bæði í tengslum við búsetu og atvinnu.

**Utan EES borgari:** Einstaklingur frá landi sem ekki tilheyrir EES eða EFTA. Þeir geta ekki unnið hér nema sækja um leyfi til þess áður en þeir koma til landsins. Leyfin eru sjaldan veitt og eru miklum takmörkunum háð.

**Makaleyfi:** Leyfi utan EES borgara til að búa og vinna á Íslandi sem grundvallast á hjónabandi hans við íslenskan ríkisborgara eða EES borgara. Leyfið fellur niður við skilnað.

**Dvalarleyfi:** EES borgarar þurfa ekki dvalarleyfi en þurfa að skrá lögheimili sitt hjá Þjóðskrá. Utan EES borgarar þurfa að sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun hyggist þeir dvelja á landinu lengur en þrjá mánuði. Veiting leyfisins er háð því að þeir sýni fram á örugga framfærslu sem oftast er gert með því að framvísa atvinnuleyfi, en veiting þess er háð ströngum skilyrðum. Einnig getur maki sýnt fram á að hann geti framfleytt viðkomandi. Auk framfærslu þarf að framvísa sjúkratryggingu og húslaleigusamningi svo eitthvað sé nefnt. Misjafnt er hvort viðkomandi á rétt á að vera á landinu eða ekki, meðan umsókn hans er afgreidd.

**Atvinnuleyfi:** Leyfi sem tilteknu fyrirtæki er veitt til að ráða tiltekinn utan EES borgara í vinnu. Sækja þarf um endurnýjun að ári. Atvinnuleyfi sem veitt er vegna skorts á vinnuafli er eingöngu hægt að endurnýja einu sinni. Atvinnuleyfi íþróttamanna og sérfræðinga er hægt að endurnýja oft. Aðeins atvinnuleyfi sérfræðings getur gefið rétt til búsetuleyfis.

**Búsetuleyfi:** Felur í sér ótímabundinn rétt utan EES borgara til dvalar á Íslandi og til að vinna þar sem hann kys. Skilyrði er að umsækjandi hafi dvalið í fjögur ár á Íslandi á samskonar dvalarleyfi. Þau dvalarleyfi sem helst eru grundvöllur búsetuleyfis eru makaleyfi og sérfræðingaleyfi.

**Sérfræðingaleyfi:** Helst eru veitt atvinnuleyfi til að ráða sérfræðinga, sem skv. lögum „þarf sérfræðipækking umsækjanda að vera nauðsynleg hlutaðeigandi fyrirtæki og fela í sér háskóla-, iðn-, list- eða tæknimenntun sem er viðurkennd hér á landi“. Þetta á ekki við um flesta þá sem óska eftir dvalarleyfi á Íslandi.

## 4. Sérstaða innflytjenda í tengslum við heimilisofbeldi

Af upptalningunni hér að ofan á mismundandi leyfum fyrir utan EES borgara má sjá að það er illmögulegt fyrir slíkan einstakling að búa á Íslandi á eigin forsendum. Það getur valdið því að þör finna sig knúin til að ganga í hjónaband áður en reynsla er komin á sambandið því það er eina leiðin til að geta verið samvistum hér eða að einstaklingur utan EES giftist hingað án þess að þekkja makann nógu vel. Ef síðan kemur í ljós að sambandið stendur ekki undir væntingum er erlendi aðilinn í mun viðkvæmari stöðu en hann væri ef hann hefði sjálfstæðan rétt til dvalar og atvinnu. Þetta á ekki við um EES borgara.

Einstaklingar af erlendum uppruna geta þurft að takast á við enn frekari hindranir en einstaklingar af íslenskum uppruna, þegar um ofbeldi er að ræða. Í greinargerðinni „Reykjavík gegn ofbeldi“ sem er til grundvallar verkefninu **Saman gegn ofbeldi** er vitnað í rannsóknir Hildar Guðmundsdóttur, mannfræðings, vaktstýru hjá Kvennaathvarfinu og þátttakanda í þessum vinnuhópi, sem hún gerði árin 2009 og 2012 á stöðu erlendra kvenna sem leituðu í Kvennaathvarfið.

Í rannsókninni sem Hildur vann árið 2012 er upplifun erlendra kvenna af þjónustu Kvennaathvarfsins skoðuð. Einnig hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, ekki síst kvenna sem koma frá löndum utan EES, leiði til þess að þær fari oftarm heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að konur sem kæmu frá löndum utan EES færu frekar heim í óbreytt ástand en aðrar konur sem leituðu aðstoðar Kvennaathvarfsins og að líklega mætti rekja orsakir þess til réttarstöðu kvennanna í tengslum við dvalarleyfi.

Dagbókarfærslur Kvennaathvarfsins leiða í ljós að margar konur hafi áhyggjur af eigin framfærslu og/eða barna sinna ef til sambúðarslita kæmi. Þá kemur fram að hluti þeirra kvenna sem koma frá löndum utan EES höfðu áhyggjur af því að missa dvalar- og atvinnuleyfi sitt á Íslandi ef þær ákvæðu að fara frá maka sínum og að nokkrar þeirra hafi farið heim í óbreytt ástand einungis vegna ótta við að missa dvalarleyfi sitt.

Í rannsókn Hildar frá árinu 2009 kemur fram að konur af erlendum uppruna vita oft ekki af þeim leiðum sem þeim eru færar og að mikilvægt sé að afla áverkavottorðs eða kalla til lögreglu verði þær fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu skyldra eða tengdra. Þá kemur fram að húsnæðisekla og hátt leiguverð valdi konunum erfiðleikum við skilnað enda voru þær flestar í láglaunastörfum. Eins hafi fæstar konurnar efni á að ráða sér lögfræðinga til að sjá um sín mál. Rannsóknin sýnir enn fremur að ástæða er til að huga sérstaklega að börnum erlendra kvenna sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum.

Helstu hindranir sem einstaklingar af erlendum uppruna þurfa að takast á við umfram aðra eru eftirfarandi:

### 4.1. Tungumálaþekking

Að geta ekki talað, lesið eða skrifað íslensku eða ensku torveldar fólki að afla sér upplýsinga og biðja um hjálp. Einstaklingar í slíkri stöðu eru einnig útsettari fyrir að fá rangar upplýsingar, hvort heldur það er frá þeim sem beitir ofbeldinu eða frá öðrum sem vilja jafnvel hjálpa. Takmarkaðir möguleikar á að hafa merkingarbær samskipti við fagfólk, vinnufélaga, nágretta o.s.frv. getur líka valdið því að einstaklingurinn einangrist.

## **4.2. Þekking á samfélaginu og úrræðum í boði**

Viðhorf til ofbeldis og hvað telst til ofbeldis er mjög menningarbundið. Einnig hvaða hlutverki fagaðilar t.d. innan heilsugæslu, félagsþjónustu, skóla og lögreglu gegna og hvernig þessir aðilar geta aðstoðað við að fá hjálp. Hugmyndin að fá aðstoð utan fjölskyldunnar, að lögreglan sé aðili sem hægt sé að leita til, að hægt sé að fjarlægja ofbeldisaðila af heimilinu og tilvist Kvennaathvarfisins, getur verið mjög framandi þótt það sé sjálfsögð þekking meðal Íslendinga.

## **4.3. Rangar upplýsingar**

Þeir sem beita ofbeldi eiga til að veita engar eða vísvitandi rangar upplýsingar sem lið í ofbeldinu. Þær snúast gjarnan um réttarstöðu s.s. varðandi forræði yfir börnum og áframhaldandi dvalar- og atvinnuleyfi. En einnig gerist að einstaklingar sem vilja hjálpa gefi rangar upplýsingar og þolendum ofbeldis ráðið frá því að leita til lögreglu, þeim sagt að Kvennaathvarfið sé bara fyrir íslenskar konur, þolendur líkamlegs ofbeldis eða fíkniefnaneytendur, að við skilnað fái Íslendingurinn í hjónabandinu sjálfkrafa forræði yfir börnum og margt fleira.

## **4.4. Dvalar- og atvinnuleyfi**

Þeir sem koma frá löndum utan EES eru í mörgum tilfellum með leyfi sem grundvallast á hjónabandi við Íslending eða EES borgara (sjá upplýsingar um makaleyfi í kafla 3). Ljúki hjónabandinu eru forsendur leyfisins brostnar og viðkomandi þarf þá að sækja um nýtt leyfi á öðrum forsendum og á þá á hættu að fá ekki frekara dvalarleyfi. Með breytingu á lögum 86/2008 var tekið tillit til ástæðna sambandsslita við ákvörðun um útgáfu nýs leyfis, en þar segir „Ef hjúskap, staðfestri samvist eða sambúð er slitið vegna þess að útlendingur eða barn hans hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er, þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með, jafnframt heimilt að endurnýja dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu þrátt fyrir breyttar forsendur dvalar hér á landi“. Þessi breyting hefur auðveldað mörgum að fara úr ofbeldissambandi. Til að nýta sér þetta ákvæði er nauðsynlegt að geta sýnt fram á að um ofbeldi hafi verið að ræða. En ekki hafa allir sem hafa búið við ofbeldi kallað til lögreglu, leitað á náðir Kvennaathvarfisins eða félagsþjónustunnar og geta því ekki sýnt fram á að ofbeldi sé orsök skilnaðar.

## **4.5. Ríkisborgararéttur**

Forsenda þess að geta sótt um ríkisborgararétt er að geta sýnt fram á að viðkomandi geti framfleytt sér héraðis og hafi ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðastliðin 3 ár. Þeir einstaklingar sem verið hafa tekjulausir eða tekju litlir og leita til félagsþjónustunnar eftir fjárhagsstuðningi til að losna úr ofbeldissambandi geta því fyrirgert rétti sínum til að sækja um ríkisborgararétt um nokkurn tíma. Ríkisborgararétturinn er mikilvægur fyrir utan EES borgara því eins og rakið hefur verið að ofan er mjög erfitt að fá dvalarleyfi sem byggist á atvinnuþátttöku.

## **4.6. Sjúkratrygging**

Innflytjendur eru ekki sjúkratryggðir innan almannatrygginga fyrstu sex mánuðina sem þeir eru búsettir á Íslandi. Á þeim tíma þurfa þeir að greiða fullu verði fyrir alla sjúkraþjónustu. Það þýðir t.d. að komugjald á bráðamóttöku er 56.700 kr. í stað 6.200 kr. fyrir sjúkratryggða og komugjald á heilsugæslu er á dagvinnutíma 9.000 kr. og á síðdegisvakt 13.415, en ekki 1.200 / 3.100 kr. Koma í mæðra- og ungbarnavernd kostar 9.000 kr. en er ókeypis fyrir sjúkratryggða. EES borgarar eiga að geta sótt endurgreiðslu til síns heimalands fyrir þetta tímabil, en oft er

misbrestur á því. Utan EES borgarar þurfa að kaupa sér sjúkratryggingu hérlendis en sjálfsábyrgðin er 50.000 kr. Sjái maki um að útvega leyfi getur verið að erlendi aðilinn viti ekki af sjúkratryggingunni sem keypt hefur verið fyrstu sex mánuðina og geti því ekki óskað eftir endurgreiðslu fari sjúkrakostnaður yfir sjálfsábyrgðina. Þessi háí kostnaður getur verið veruleg hindrun fyrir því að nýta sér heilbrigðisþjónustu.

#### **4.7. Framfærsla**

Að vera háður maka sínum um framfærslu er hindrun fyrir alla sem vilja binda enda á ofbeldissamband og einskorðast ekki við erlenda ríkisborgara. Einnig sú staðreynd að félagsleg framfærsla tekur mið af tekjum maka alveg fram að skilnaði þrátt fyrir að sambúð sé lokið vegna ofbeldis. En einungis í tilfellum utan EES borgara getur skilnaður haft veruleg áhrif á rétt til atvinnuleysisbóta. Maki Íslendinga byrjar að vinna sér inn rétt til atvinnuleysisbóta um leið og hann hefur störf en ríkisborgari lands utan EES byrjar ekki að vinna sér inn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en eftir fjögurra ára búsetu og störf. Því getur það gerst að þegar erlendur ríkisborgari sem þiggur atvinnuleysisbætur skilur við íslenskan maka sinn missi hann atvinnuleysisbæturnar, því nýtt dvalarleyfi gefur ekki rétt til bóta. Einnig er trygg framfærsla forsenda dvalarleyfis, sem er hindrun fyrir þá einstaklinga sem hafa verið heimavinnandi og geta því ekki sýnt fram á framfærslu þegar þeir sækja um dvalarleyfi á nýjum forsendum eftir skilnað.

#### **4.8. Lífeyrir**

Margir erlendir ríkisborgarar sem flytjast hingað á fullorðinsárum ná ekki að vinna nógu lengi til að njóta fulls lífeyris, hvorki elli- né örorkulífeyris. Fjárhagslegt óöryggi getur verið veruleg hindrun fyrir því að slíta ofbeldissambandi.

#### **4.9. Túlkaþjónusta**

Lög um upplýsingaskyldu yfirvalda kveða á um rétt fólks til túlkaþjónustu hjá heilbrigðisyfirvöldum, lögreglu og dómstólum. Margir aðrir aðilar, s.s. skólar og félagsmálayfirvöld, leggja sig fram um að kalla til túlka í viðtölum. Þó er ljóst að oft eru makar látnir taka að sér upplýsingamiðlun sem gerir þeim auðvelt fyrir að hindra að makar þeirrar biðji um hjálp eða fái upplýsingar um aðstoð í boði. Fagaðilar þurfa að vera á varðbergi gagnvart því hvort maki er í raun hlutlaus túlkur eða hvort hann talar fyrir maka sinn eða stýrir upplýsingum til hans.

### **5. Þjónusta**

Það er ekki hlutverk þessa vinnuhóps að kortleggja alla þjónustu sem er í boði fyrir þolendur heimilisofbeldis heldur einungis þá sem snýr sérstaklega að innflytjendum. Almenn ráðgjöf, þ.á.m. um úrræði þegar um ofbeldi er að ræða, sem er sérstaklega ætluð innflytjendum er í boði á þremur stöðum. Mannréttindaskrifstofa Íslands býður upp á lögfræðiráðgjöf með tímapöntun tvisvar í viku, á þriðjudögum kl. 14-20 og á föstudögum kl. 9-15. Ráðgjöfin er ókeypis og túlkur pantaður ef þarf, skjólstæðingi að kostnaðarlausu. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur býður upp á almenna ráðgjöf með tímapöntun og borgar túlk ef þarf, skjólstæðingi að kostnaðarlausu. W.O.M.E.N. býður upp á ókeypis jafningjafræðslu yfir vetrartímann á þriðjudögum kl. 20-22 á mismunandi tungumálum auk íslensku og ensku. Eru það sjálfboðaliðar, sem fá reglulega þjálfun hjá fagaðilum, en ekki fagfólk sem býður ráðgjöfina. Kvennaráðgjöfin fer fram á sama tíma og í sama húsnæði og er náíð samstarf þar á milli. Fjölmenningarsetur er með upplýsingasíma á fimm tungumálum sem svarað er í á þriðjudögum kl. 16:30-19.

## 5.1. Neyðarþjónusta

Sama neyðarþjónusta er í boði fyrir erlenda þolendur heimilisofbeldis og aðra, 112, lögreglan, Kvennaathvarfið og neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Þó geta tungumálaörðugleikar hindrað að einstaklingur geti hringt í þessa aðila til að óska eftir hjálp. Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis er innan heilbrigðiskerfisins og því eiga lög um túlkþjónustu við þar og alltaf kallaður til túlkur þegar á þarf að halda. Eðli málsins samkvæmt er ekki alltaf gerlegt að kalla til túlk þegar um neyðaraðstoð er að ræða, en í sumum tilfellum mætti nýta símatúlkun. Tillögur að því hvernig má efla neyðarþjónustuna eru í 8. kafla. Þjónusta lögreglu og neyðarmóttöku er ókeypis en komi einstaklingur á bráðamóttöku vegna heimilisofbeldis þarf hann að greiða 6.200 kr. komugjald. Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir greiða 56.700 kr (sjá kafla 4.9).

Þegar tekist er á við heimilisofbeldi innan þess ramma sem þróaður hefur verið innan þessa verkefnis þarf að hafa sérstöðu innflytjenda í huga. Þegar lögregla mætir á vettvang heimilisofbeldis þar sem þörf er á túlki ber lögreglan ábyrgð á að kalla hann til. Einnig getur lögreglan verið með upplýsingabæklinga til að afhenda bæði þolanda og geranda. Ráðgjafi frá félagsþjónustunni þarf að vera vel upplýstur um þá sérstöðu sem innflytjendur geta haft við þessar aðstæður og raktar eru í kafla 4, til að þjónustan mæti þörfum þeirra.

## 5.2. Langtímaþjónusta

Langtímaþjónustan er sú sem tekur við þar sem neyðarþjónustunni sleppir og miðar að því að aðstoða einstaklinginn við að breyta aðstæðum sínum og vinna úr þeim áföllum sem hann hefur orðið fyrir. Sama þjónusta er í boði fyrir erlenda þolendur og gerendur heimilisofbeldis og aðra s.s. hjá Kvennaathvarfi, Stígamótum, Kvennaráðgjöf, Heimilisfriði og Drekaslóð.

Hjá Kvennaathvarfi er kallaður til túlkur í viðtöl, bæði hjá dvalarkonum og þeim sem eingöngu sækja viðtalsþjónustu í athvarfið. Viðtalsþjónustan er ókeypis en 1.000 kr. daggjald er fyrir dvalarkonur sem sjaldan er rukkað og er aldrei hindrun fyrri dvöl. Hjá Stígamótum eru viðtölin ókeypis en túlkur er ekki í boði nema beðið sé um hann og misjafnt hver greiðir fyrir túlkunina. Einnig kemur fyrir að skjólstæðingar komi með eigin túlk. Þetta virðist vera ákveðin hindrun, því mjög sjaldgæft er að einstaklingar sem þurfa túlk sæki þjónustu til Stígamóta. Kvennaráðgjöfin er ekki með túlkþjónustu þar sem um opna ráðgjöf er að ræða, en þjónustan er ókeypis. Þó er um óformlegt samstarf að ræða við W.O.M.E.N. sem eru með ókeypis jafningjaráðgjöf að hluta til á sama tíma og Kvennaráðgjöfin og á sama stað. Flóknari málum sem þarfnast túlks er vísað til Mannréttindaskrifstofu Íslands, þar sem viðtöl og túlkur er skjólstæðingi að kostnaðarlausu.

Heimilisfriður, sem er eina þjónustan sem ætluð er gerendum, býður ekki upp á túlkþjónustu og kosta viðtöl þar 3.000 kr. Þangað hafa bara leitað einstaklingar eftir tilvísun frá félagsþjónustunni sem hún borgar fyrir, en enginn hefur leitað til þeirra af eigin hvötum og á eigin kostnað. Hugsanlega er kostnaður og túlkaleysi hindrun. Drekaslóð býður ekki upp á túlk og kosta viðtölin þar 3.000 kr. Einstaklingur sem pantar túlk með sér í viðtal t.d. hjá sálfræðingi þarf að greiða um 10.000 kr. fyrir túlkinn til viðbótar við um 15.000 kr. sem viðtal kostar hjá sálfræðingi. Þrátt fyrir að mögulegt sé að fá styrk frá flestum stéttarfélögum er um verulegar fjárhagslegar hindranir að ræða fyrir því að nýta sér þessa þjónustu.

Félagsþjónustusta Reykjavíkurborgar er mikilvægur aðili í því að aðstoða fólk við að byggja upp nýtt líf. Ýmis þjónusta getur staðið einstaklingum til boða hjá félagsráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum, m.a. ráðgjöf og leiðbeiningar vegna framfærslu og húsnaðisvanda auk



Þess að fá ráðgjöf um önnur úrræði sem getur staðið viðkomandi til boða svo sem Kvennaathvarf, Stígamót, heilbrigðisþjónustan o.fl. Hægt er að sækja um styrk fyrir viðtölum hjá sálfræðingi en styrkurinn er mjög lágur og erfitt að fá hann. Ekki er greitt fyrir túlk hjá sálfræðingnum. Þjónusta félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar stendur öllum íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu til boða og er ókeypis og kallaður er til túlkur skjólstaðingi að kostnaðarlausu þegar þörf er á.

## 6. Upplýsingaefni

Margvíslegt efni er til en lítið verið þýtt eða skrifað sérstaklega með innflytjendum í huga. Margt er bara til á íslensku. Flest fræðsluefni sem hópurinn vissi um er aðgengilegt á netinu en þó ekki allt. Auk bæklinga eru heimasíður þar sem miðlað er upplýsingum bæði fyrir þolendur og gerendur. Tillögur að því fræðsluefni sem vantar er að finna í 8. kafla.

### 6.1. Gagnlegt þýtt efni sem til er á netinu

**Réttur þinn – mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi**, tvímálabæklingur á íslensku og [ensku](#), [pólsku](#), [spænsku](#), [tælensku](#), [rússnesku](#) og [arabísku](#), Jafnréttisstofa 2014. Þessi bæklingur er lykilupplýsingaefni. Kosturinn er að hann er tvímála, alltaf bæði á íslensku og erlendu máli, sem gerir fagfólki og öðrum sem vilja hjálpa auðveldara fyrir að benda á upplýsingarnar. Einnig er það gott til að erlendi aðilinn viti hvað hlutirnir heita á íslensku. Komið er inn á marga málaflokka í bæklingnum sem gott er fyrir konu í viðkvæmri stöðu að fá upplýsingar um. Bæklingurinn var endurútgefinn 2014 og því ekki þörf á að uppfæra hann, en það mætti einfalda málið á honum og útskýra hugtök betur, m.ö.o. miða textann við að lesandinn sé ekki íslenskur og hafi ekki sömu þekkingu á samfélaginu og sá sem skrifar textann. Einnig er mjög mikilvægt að vanda þýðingarnar mun meira til að upplýsingarnar komist skýrt til skila. Efnið er, eins og titillin ber með sér, ætlað konum sérstaklega en þó á allt efni hans, nema upplýsingar um Kvennaathvarfið, við um karla líka. Auðvelt væri að laga bæklinginn að báðum kynjum og bæta þar með aðeins úr miklum skorti á upplýsingaefni fyrir karla.

**Byrð þú við ofbeldi?** Velferðarráðuneytið og sveitarfélög á Suðurnesjum 2013. Þrímála bæklingur á [íslensku](#), [ensku](#) og [pólsku](#). Þetta er annar mikilvægur bæklingur. Hér er um að ræða grunnupplýsingar fyrir þolanda ofbeldis. Kosturinn er að hann er stuttur og einungis allra mikilvægustu upplýsingarnar koma fram. Hann er þrímála sem gerir hann hentugan í notkun. Þar sem hann var gerður fyrir sveitarfélög á Suðurnesjum þarf að staðfæra hann fyrir Reykjavík, en að öðru leyti þarf ekki að uppfæra upplýsingar.

Í báðum þessum bæklingum kemur fram hvenær þeir voru gefnir út sem hjálpar lesandanum að meta hvort um úreltar upplýsingar er að ræða eða ekki.

**Children who live with domestic violence**, Kvennaathvarfið. Á [ensku](#). Bæklingurinn er eingöngu á ensku og ætlaður þeim sem leita til Kvennaathvarfsins. Bæklingurinn gefur góðar upplýsingar um áhrif ofbeldis á börn og hvernig hægt er að styðja þau. Ekki kemur fram hvenær hann var gefinn út, en lítið er af upplýsingum í honum sem geta úrelst.

**Við og börnin okkar**, Reykjavík. Tvímálabæklingur á íslensku og [ensku](#), [pólsku](#), [filipísku](#) og [rússnesku](#), Reykjavíkurborg og Velferðarráðuneytið. Þetta er bæklingur ætlaður foreldrum sem Reykjavíkurborg gaf út og er hann tvímála á íslensku og öðru máli. Honum er ætlað að vera

hvatning og stuðningur við foreldra í hlutverki sínu og þar er talað um rétt barna til lífs án ofbeldis. Þó eru engar upplýsingar í bæklingnum um kynferðisofbeldi eða hvert hægt er að leita ef ofbeldi á sér stað. Númer neyðarlínunnar eru einu upplýsingarnar um hvert má leita, í bæklingnum. Hann er því í raun ekki mjög gagnlegur í þessu sambandi. Upplýsingum um ofbeldi, viðbrögð við því og hvert hægt er að leita mætti bæta við í bæklinginn. Ekki kemur fram hvenær hann var gefinn út. Aðrir útgefnir bæklingar fundust ekki.

## 6.2. Gagnlegt þýtt efni sem eingöngu er til á prenti

**Við hjálpum**, Velferðarráðuneytið. Í nafnsjaldsstærð með upplýsingum um neyðarlínu, Kvennaathvarf, neyðarmóttöku, Stígamót og hjálparsíma RKÍ á íslensku, ensku, rússnesku, pólsku og tælensku. Á nafnsjaldinu er gefið upp rangt símanúmer á neyðarmóttöku vegna nauðgana. Það símanúmer er þó á bráðamóttökunni í Fossvogi, en mikilvægt er þegar um bráðabjónustu er að ræða að boðleiðir séu sem stystar og fólk þurfi ekki að bíða á línunni meðan það er sent áfram innanhúss.

**Plakat og límmiði**, Kvennaathvarfið. Plakat og lítill límmiði með QR kóða á landingarsíðu sem auðvelt er að líma t.d. á kvennaklósettum sem á stendur „Þekkir þú konu sem býr við kúgun eða ofbeldi? Hafðu samband! Kvennaathvarfið“ á íslensku, tælensku, víetnömsku, pólsku, kínversku, arabísku, litháísku, tagalog, spænsku, rússnesku og ensku.

Nafnsjald Velferðarráðuneytisins og límmiði Kvennaathvarfsins er mjög handhægt efni til að koma allra mikilvægustu grunnupplýsingum á framfæri. Hvort tveggja hefur þann kost að vera lítið og auðvelt að hafa í veski eða setja á staði þar sem líklegt er að margir sjái.

**Have you been a victim of domestic violence?** Kvennaathvarfið. Bæklingur sem bara er til á prenti á íslensku og ensku. Hann mætti vera til á netinu líka.

Kvennaathvarfið var að gefa út bækling **Skiptu þér af** á íslensku, þar sem rakin eru einkenni heimilisofbeldis og fólk hvatt til að skipta sér af. Upplýsingarnar eru hnitmiðarar, á einfaldri íslensku og henta því vel þeim sem tala ekki mikla íslensku og til að þýða.

## 6.3. Gagnlegt efni á netinu sem bara er til á íslensku

[Karlur og Stígamót](#), Stígamót 2016.

[Stígamót fyrir alla](#), Stígamót (ekki getið um útgáfuár).

[Rit um ofbeldi í nánum samböndum](#), Velferðarráðuneytið 2009.

[Rit um ofbeldi í nánum samböndum, félagsþjónustan](#), Velferðarráðuneytið 2009.

[Rit um ofbeldi í nánum samböndum, ljósmæður](#), Velferðarráðuneytið 2009.

[Rit um ofbeldi í nánum samböndum, lögreglan](#), Velferðarráðuneytið 2009.

[Rit um ofbeldi í nánum samböndum, starfsfólk heilbrigðiskerfisins](#) Velferðarráðuneytið 2009.

## 6.4. Síður á netinu

**Saman gegn ofbeldi:** Er með síðu hjá Reykjavíkurborg. Á [íslenskri](#) síðu verkefnisins er vísað á:

- upplýsingar fyrir [þolendur](#).
- upplýsingar fyrir [gerendur](#).

Á [enskri](#) síðu verkefnisins er vísað á:

- upplýsingar fyrir [þolendur og gerendur](#).

**Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur:** Aðalsíða á [íslensku](#). Frekar snúið er að finna þessa síðu út frá aðalsíðu Reykjavíkurborgar. Hér eru almennar upplýsingar um ráðgjöf fyrir innflytjendur en ekki hvernig hægt er að ná sambandi við ráðgjöfina. Mjög erfitt er að finna upplýsingar um

Þessa ráðgjöf á heimasíðu Reykjavíkurborgar og upplýsingarnar sem eru á ensku síðunni eru úreltar. Sé hér smeltt á enska fánann flyst maður á forsíðu enska vefsins og þaðan er önnur leið en á þeim íslenska inn á síðuna [immigrant service](#). Þar eru einfaldar og aðgengilegar upplýsingar um þjónustuna auk símanúmers.

**Kvennaathvarfið:** Aðalsíða á [íslensku](#) en undirsíða með kontaktupplýsingum á [ensku](#). Heimasíðan verður uppfærð á næstu vikum og mánuðum. Þar verður sett inn fræðsluefni um ofbeldi og úrræði ætlað konum af erlendum uppruna og stefnt að því að hafa það á móðurmáli stærstu hópa innflytjenda hér á landi

**W.O.M.E.N:** Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi er með síðu á [íslensku](#) og [ensku](#) en þar eru engar upplýsingar um úrræði eða þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis. Upplýsingar um jafningjaráðgjöf sem boðið er upp á eru neðst á forsíðu og líka undir tenglinum „verkefni“.

**Mannréttindaskrifstofa Íslands:** Aðalsíða er á [íslensku](#) og undirsíða á [ensku](#). Tengill er fyrir pólsku, rússnesku og spænsku en þær síður eru í vinnslu. Engar upplýsingar eru um úrræði eða þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis. Upplýsingar um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur sem er í boði á skrifstofunni eru neðst á forsíðunni og líka undir tenglinum „verkefni“.

**Fjölmenningarsetur:** Síðan er á átta tungumálum – íslensku, ensku, pólsku, króatísku/serbnesku, tælensku, spænsku, rússnesku og lítháísku. Mjög mismiklar upplýsingar eru á síðunum eftir tungumálum. Upplýsingar um hvert er hægt að leita vegna ofbeldis eru undir tenglinum „112“ á íslensku, ensku og lítháísku síðunum en ekki á hinum. Það er með upplýsingasíma á sex tungumálum sem svarað er í á þriðjudögum kl. 16:30-19. Spænska númerið er svarað í á íslensku. Hvenær svarað er í símana kemur þó ekki fram á forsíðu heimasíðunnar, þar sem númerin eru gefin upp, heldur einungis á undirsíðum íslensku og rússnesku síðnanna, en ekki á öðrum síðum.

**Stígamót:** Aðalsíða á [íslensku](#) en undirsíður með grunnupplýsingum um þjónustu Stígamóta á [ensku](#), [spænsku](#), [tælensku](#), [pólsku](#) og [rússnesku](#).

**Kvennaráðgjöfin:** Aðalsíða á [íslensku](#) og undirsíða með grunnupplýsingum á [ensku](#). Engar upplýsingar eru um úrræði eða þjónustu fyrir þolendur heimilisofbeldis.

**Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis:** Upplýsingar um þjónustu á [íslensku](#). Þar er gefið upp netfang en ekkert símanúmer. Á undirsíðu eru gefin upp fjögur símanúmer, allt frá skiptiborði Landspítalans til áfallamiðstöðvar hans og sumt bara á dagvinnutíma. Betur færi á að hafa eitt símanúmer. Ekkert fannst um neyðarmóttökuna á enskri síðu spítalans og skilaði leitarorðið „rape“ engum niðurstöðum.

**Heimilisfriður:** Heimasíðan er eingöngu á íslensku.

**Dreklóð:** Heimasíðan er eingöngu á íslensku.

## 7. Upplýsingamiðlun

Eitt af verkefnum vinnuhópsins var að kortleggja hvar og hvernig hægt er að koma upplýsingum til markhópsins, sem er þolendur og gerendur heimilisofbeldis í hópi innflytjenda. Niðurstaða hópsins var sú að ekki væri nóg að beina athyglinni að markhópnum sem slíkum heldur væri mikilvægt að upplýsa þá sem væru í aðstöðu til að veita markhópnum upplýsingar og ráðgjöf. Upplýsingamiðlun þyrfti því bæði að vera formleg og óformleg, rafræn og efnisleg og bæði til almennings og fagaðila.

### 7.1. Form upplýsingagjafar

Hópurinn lagði talsverða vinnu í að leita uppi og safna saman fræðsluefni og leiðbeiningum um málaflökkinn. Við þá vinnu kom berlega í ljós hve mikið hagræði væri af því að hafa þetta efni á

einum stað, að til væri vefsíða þar sem grunnupplýsingar kæmu fram um hvaða þjónusta er í boði og þaðan væru svo tenglar yfir á þá aðila sem veita þjónustuna. Á slíkri síðu mætti vista bæklinga og annað efni á ýmsum tungumálum. Slík síða gæti verið tvískipt, annars vegar fyrir almenning og hins vegar fyrir fagfólk. Síða sem þessi ætti vel heima hjá Kvennaathvarfinu og væri viðhaldi hennar sinnt í samvinnu við þá aðila sem starfa að ofbeldismálum. Kostnaður sem hlytist af uppsetningu og viðhaldi síðunnar gæti greiðst af verkefninu **Saman gegn ofbeldi** en samantekt á efninu sem ætti heima á henni liggur fyrir í þessari skýrslu.

Upplýsingar þurfa líka að vera til á efnislegu formi, s.s. bæklingar, plaköt og spjöld. Í slíku efni er megin áhersla á grunnupplýsingar, hvert hægt er að leita og hvar finna má frekari upplýsingar en einnig á birtingarmyndir ofbeldis og réttindi. Gott er að hafa prentað efni tvímála og á einfaldri íslensku.

## **7.2. Upplýsingagjöf til almennings**

Efnislegar upplýsingar ætlaðar innflytjendum ættu alltaf að liggja frammi hjá Útlendingastofnun, Þjóðskrá og göngudeild sóttvarna. Allir utan EES borgarar þurfa að fara á Útlendingastofnun til að ganga frá dvalarleyfinu sínu og á göngudeild sóttvarna í lækni- og sálfræðingastofnun og allir EES borgarar þurfa að fara á Þjóðskrá til að sækja um lögheimilisskráningu. Þó er mikill misbrestur á því að EES borgarar skrái lögheimili sitt hérlendis þrátt fyrir búsetu og er því engin leið að koma upplýsingum til allra með þessum hætti. En á þennan hátt væri hægt að ná til flestra fljótlega eftir komuna til landsins.

Önnur upplýsingamiðlun til almennings er ekki sérstaklega bundin við innflytjendur og gilda því þar almenn viðmið. Límmiðar á salernum, plaköt í strætó, skóla, Kolaportið og stórmarkaði, bæklingar á heilbrigðisstofnanir og opinberar stofnanir sem og annar staðar þar sem almenningur á erindi, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingarnar þurfa að beinast bæði að þeim sem verða fyrir eða beita ofbeldi og þeim einstaklingum meðal almennings sem þekkja eða tengjast fólki sem verður fyrir eða beitir ofbeldi. Það eru t.d. atvinnurekendur og vinnufélagar, nágrannar og félagasamtök. Fræðsla um ofbeldi þarf að byrja snemma, á unglingsstigi í grunnskóla og í framhaldsskólum, vegna forvarna og til að ná til framtíðar gerenda, þolenda og fagaðila. Á þann hátt geta upplýsingar borist inn á heimilin.

Í rannsókn Ísólar og hjá þeim fagaðilum sem vinna í málaflokknum kom fram að allt of margar konur fá rangar upplýsingar í gegnum samlanda og fá ráðleggingar sem vinna gegn hagsmunum þeirra. Mjög mikilvægt er að koma réttum upplýsingum og leiðbeiningum um hvar hægt er að fá réttar upplýsingar, s.s um miðlæga heimasíðu, til samtaka innflytjenda og þjóðafélaga sem og til trúfélaga.

## **7.3. Upplýsingagjöf til fagaðila**

Þeir fagaðilar sem eru í aðstöðu til að veita markhópnum upplýsingar eru t.d. opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Þetta eru t.d. starfsmenn Þjóðskrár, Útlendingastofnunar, Vinnuálastofnunar, Tryggingastofnunar, starfsmenn heilsugæslu og spítala, starfsmenn þjónustumiðstöðva Reykjavíkur og barnaverndar sem og skóla og frístundamiðstöðva. Þetta þurfa bæði að vera starfsmenn sem sinna upplýsingamiðlun og ráðgjöf og þeir sem eru í óformlegri samskiptum við fólk. Fagaðilar sem eru vel upplýstir um ofbeldi og sérstöðu innflytjenda í því sambandi er mikilvægur hlekkur í að koma upplýsingum til markhópsins. Það þurfa að vera fáir en góðir bæklinga til að afhenda og einn góður staður á netinu til að vísa á.

Það kom fram í rannsókn Ísólur að þær konur sem hún ræddi við sem voru þolendur heimilisofbeldis höfðu fengið upplýsingar hjá lögreglu, nágrönnum og sumar hjá hjúkrunarfræðingum á Landsspítalanum. Gott væri fyrir þessa aðila að hafa miðlæga heimasíðu til að vísa á og til af afla sér upplýsinga á, bæði um innflytjendur í þessu samhengi og almennt um heimilisofbeldi. Lítil upplýsingaspjöld eins og Velferðarráðuneytið hefur gefið út með helstu aðilum, símanúmerum þeirra og slóðum henta mjög vel í þessu samhengi þar sem auðvelt er að hafa þau á sér og afhenda þeim sem þurfa svo lítið beri á.

#### **7.4. Upplýsingagjöf og fræðsla til aðila verkefnisins**

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, en einnig sitja fulltrúar Kvennaathvarfsins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu í verkefnastjórn.

Talið var að starfskonur Kvennaathvarfs þyrftu ekki á fræðslu að halda en væru lykilaðilar í að fræða aðra. Þegar þær eru með fræðslu um ofbeldi er þó sérstaða innflytjenda oft ekki rædd, en Kvennaathvarfið hefur þó verið með kynningar á stöðu innflytjendakvenna á ýmsum vettvangi. Kvennaathvarfið mætti draga sérstöðu innflytjenda betur fram, ekki síst þegar verið er að fræða fagfólk.

Talið var að fræðsla um ofbeldi sem slíkt væri í góðum farvegi innan lögreglunnar og t.a.m. er Kvennaathvarfið árlega með fræðslu í Lögregluskólanum. Þó þarf að leggja frekari áherslu á sérstöðu innflytjenda í málaflokknum, ekki sýst mismunandi viðhorf til lögreglunnar, vantraust og ranghugmyndir um vinnuaðferðir sem byggjast á störfum lögreglu í heimalandi viðkomandi brotaþola. Lögreglan þarf að vera mjög meðvituð um þetta sem og vanþekkingu margra innflytjenda á samfélaginu og þeirri þjónustu sem er í boði.

Talin var mikil þörf fyrir fræðslu hjá Reykjavíkurborg, ekki síst á þjónustumiðstöðvunum. Gæði þjónustu sem þolandi ofbeldis fær getur verið mismunandi eftir þjónustumiðstöðvum og félagsráðgjöfum. Upplifun starfsmanna Mannréttindaskrifstofu Íslands er sú að sumir ráðgjafar vísa mikið á ókeypis lögfræðiráðgjöf Mannréttindaskrifstofunnar en aðrir sjaldnar eða aldrei. Þekking á þjónustu sem er í boði er mjög mismunandi. Mikla og skipulagða fræðslu vantar til þessara aðila með þátttöku Kvennaathvarfs og W.O.M.E.N. Einnig mætti auka þekkingu á einkennum ofbeldis og úrræðum í boði hjá kennurum og öðrum starfsmönnum borgarinnar sem eru í miklum og beinum samskiptum við almenning.

Innan Heilsugæslunnar virðist vera þörf fyrir að efla þekkingu á ofbeldi, hvernig skima á fyrir því, þekkja afleiðingarnar og setja í samhengi við sjúkrasögu og vandamál skjólstaðinga. Kvennaathvarfið tók þátt í málstofu á „Fræðsludegi heilsugæslunnar“ síðastliðið haust og þótti áberandi hve fáir lækna tóku þátt. Fræðsla þarf að ná til allra starfsmanna heilsugæslunnar en þó sérstaklega til lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Í því samhengi þarf að leggja áherslu á sérstöðu innflytjenda.

Talsvert var rætt um að fagaðilar hafi ekki þekkingu á réttarstöðu fólks og muninum á réttindum fólks frá löndum innan og utan EES. Ekki er ráðlegt að ófaglærðir veiti lögfræðiráðgjöf en gott væri ef fólk væri með grunnþekkingu, þó ekki væri nema til að leiðrétta ranghugmyndir fólks.

## **8. Tillögur**

Ein miðlæg heimasíða þarf að vera til með upplýsingum um ofbeldi, birtingarmyndir þess og úrræði bæði fyrir þolendur og gerendur. Allir bæklingar sem hafa verið þýddir gætu vistast þar

sem og annað fræðsluefni. Þaðan væru tenglar á þá aðila sem bjóða ráðgjöf og þjónustu og jafnvel á upplýsingaefni um ofbeldi erlendis frá sem væri þá á fleiri tungumálum en það efni sem framleitt er hér. Sjá kafla 7.1.

Það er algjör skortur á efni fyrir karlmenn, bæði sem þolendur og gerendur og er áriðandi að bæta úr því. „Réttur þinn“ er góður bæklingur sem auðveldlega gæti miðast við bæði kynin.

Huga þarf sérstaklega að körlum. Skapa þarf úrræði fyrir karla sem þolendur heimilisofbeldis og efla úrræði fyrir þá sem gerendur.

Þörf er fyrir upplýsingaefni um hvað ofbeldi er og hvernig hægt er að komast út úr því. Einnig vantar almennt efni um birtingarmyndir ofbeldis ætlað bæði þolendum og gerendum.

Best er að efni sé gefið út tvímála og aðgengilegt á netinu. Gæta þarf að því að íslenski textinn sé á sem einföldustu máli og hugtök útskýrð þar sem við á sem og hlutverk stofnana. Er það bæði til þess að þeir sem tala ekki erlenda málið geti samt sýnt hvar upplýsingarar er að finna og til þess að erlendi aðilinn sjái hvernig þessar upplýsingar eru settar fram á íslensku og hvaða hugtök eru notuð í því sambandi. Það gerir honum auðveldara fyrir að nýta sér upplýsingarnar og afla sér frekari upplýsinga. Aldrei er hægt að þýða efni á öll tungumál og því þarf íslenski textinn að vera aðgengilegur sem flestum. Sé frumtextinn einfaldur og aðgengilegur ætti það að bæta gæði þeirra þýðinga sem gerðar eru eftir honum.

Gera þarf upplýsingaefni, annað hvort rafrænt eða efnislegt, þar sem farið er yfir helstu atriði sem snúa sérstaklega að erlendum aðilum, eins og rakið er í 4. kafla. Við gerð slíks efnis þarf að hafa í huga mismunandi réttarstöðu borgara utan og inna EES.

Fagfólk þyrfti að hafa aðgang að upplýsingum á rafrænu formi um sérstöðu innflytjenda í tengslum við heimilisofbeldi, líkt og rakið er í 4. kafla. Meðvitund um þá sérstöðu gerir fagaðilanum kleift að taka tillit til og leiðbeina um þá þætti sem eiga sérstaklega við um innflytjendur.

Starfsmaður félagsþjónustunnar sem mætir í útkall með lögreglu þarf að þekkja vel þá sérstöðu sem innflytjendur geta haft og rakin er í kafla 4. Ef sú þekking er ekki til staðar getur átt sér stað að stuðningurinn nýtist ekki sem skildi og / eða ekki ráðlagt um allt sem skiptir máli.

Á bráðamóttöku þarf að huga sérstaklega að kostnaði fyrir ósjúkratryggða og tryggingum sem þeir hafa. Það væri mjög til bóta að fella niður komugjald ef um heimilisofbeldi er að ræða.

Mikilvægt er í allri fræðslu og umræðu að fórnarlambsgera ekki innflytjendur og þá sérstaklega erlendar konur sem giftast íslenskum mönnum eða ganga út frá því að þær verði fyrir ofbeldi. Því er lagt til að fræðsla um ofbeldi til markhópsins sé hluti af almennri fræðslu um aðra hluti s.s. almenna samfélagsfræðslu. Með því er líka sýnt að ofbeldi er ekki feimnismál eða einkamál heldur eitthvað sem má og á að ræða.

Í Skýrslu um túlkajónustu til innflytjenda sem Velferðarráðuneytið lét gera árið 2011 er eftirfarandi tillaga sett fram sem starfshópurinn tekur heilshugar undir:

„Lagt er til að í lögum um aðlögun innflytjenda verði kveðið á um sjóð sem koma skuli á fót til að einstaklingar geti sótt um styrk til túlkajónustu hjá einkaaðilum ... Gera mætti að skilyrði að fylgja þurfi beiðni frá lækni, félagsráðgjafa, sálfræðingi, námsráðgjafa eða öðrum fagaðila um félagslega stöðu umsækjanda eða önnur atriði er skipta máli varðandi skilyrði fyrir styrk.“

Sjóður sem þessi er í mörgum tilfellum forsenda þess að einstaklingur geti leitað sér aðstoðar t.d. hjá sálfræðingi.

Samræma þarf verklag þjónustumiðstöðva bæði í afgreiðslu og hjá félagsráðgjöfum hvað varðar þjónustu við innflytjendur. Eins og er velta gæði þjónustunnar og hvaða þjónusta er veitt of mikið á þeim starfsmanni sem í hlut á. Vitundarvakning um sérstöðu innflytjenda gæti aðstoðað við þetta.

Félagsþjónustan þarf að aðstoða þá sem eru að stíga út úr ofbeldissambandi við að finna húsnaði á almennum markaði. Ekki er ásættanlegt að vísa á þjónustu sjálfboðaliða Rauða krossins í þessu sambandi, eins og nú er gert víða.

Reykjavíkurborg standi fyrir vitundarvakningu meðal starfsmanna velferðar- og skóla og frístundasviðs um einkenni heimilisofbeldis og hvernig hægt er að aðstoða.

Erlendis hafa verið þróuð öpp sem nýtast fórnarlömbum ofbeldis. Með þeim er hægt að senda tilbúin skilaboð til vinar eða 112 með beiðni um aðstoð. App sem þetta gæti nýst sérstaklega vel þeim sem eiga erfitt með að hringja eftir hjálp vegna tungumálaörðugleika. Hér má sjá upplýsingar um [ástralskt](#) app og hér um [bandarískt](#). Kanna mætti kostnað við að kaupa slíkt app og þýða og staðfæra.

Lögregla sem mætir á vettvang getur afhent bækling og gefið upplýsingar um úrræði fyrir þolendur og gerendur.

Lögreglan geri samninga beint við túlka á helstu tungumálum sem þá er hægt að hringja í hvenær sem er sólarhings þegar lögreglan mætir á vettvang heimilisofbeldis. Á þann hátt er hægt að stytta viðbragðstímann verulega.

Til að draga úr kostnaði við túlkun mætti nýta símatúlkun mun meira. Þjálfar þar lögregluna í að þekkja helstu tungumál til að hún geti hringt í símatúlk í útkalli.

Þjálfar þarf fagfólk í að nota túlk, bæði í síma og á staðnum. Hluti af þeirri fræðslu þarf að vera notkun fjölskyldumeðlima sem túlka og hvernig sést hvort túlkurinn er að stýra upplýsingum til eða frá þeim sem túlkað er fyrir.

Þeir aðilar sem vinna að málaflöknum hjá ríki, sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum gætu haft enn frekara samstarf t.d. með því að samnýta efni sem er framleitt og hafa tengla á heimasíður hvers annars. Kvennaathvarfið er til dæmis tilbúið að veita öðrum aðgang að myndböndum sem verða gerð í samvinnu við W.O.M.E.N. Einnig kemur til grein að einn aðili greiði fyrir dreifingu á efni sem annar aðili gefur út, t.d. getur Reykjavíkurborg sett plaköt Kvennaathvarfsins upp í strætisvögnum og skilgreint það sem hluta af verkefninu **Saman gegn ofbeldi**.

Aðilar verkefnisins mættu bjóða upp á fræðslu og umræður fyrir ýmis félagasamtök og samtök innflytjenda eða sameiginlega fundi þar sem þessir aðilar og jafnvel fleiri hittist til að ræða heimilisofbeldi. Slíkir fundir gætu verið mikilvægur þátt í að koma réttum upplýsingum áleiðis og leiðréttu ranghugmyndir.

## Heimildaskrá

[Skýrsla um túlkþjónustu til innflytjenda](#) (2011). Velferðarráðuneytið.

Reykjavík gegn ofbeldi: Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð, tillögur og kostnaðaráætlun dags. 15. október 2014.

Hildur Guðmundsdóttir (2009). „I don't know how I ended up here with this man“: Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.

Hildur Guðmundsdóttir (2012). „Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum“: Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?: Hvað segja þær um þjónustuna? Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.



### Erindisbréf starfshóps sem á að finna leiðir til að ná til innflytjenda með upplýsingar um ofbeldi og hvert sé hægt að leita verði viðkomandi fyrir ofbeldi

#### Inngangur:

Reykjavíkurborg, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Kvennaathvarfið vinna saman að átaki gegn heimilisofbeldi undir heitinu **Saman gegn ofbeldi**. Markmið samstarfsins er að bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum betri þjónustu og fá gerendur til að sækja sér meðferð. Auk þess er markmiðið að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Í verkefninu var ákveðið að líta sérstaklega til fatlaðs fólks og innflytjenda.

#### Markmiðið með vinnu starfshópsins:

Vinna tillögu um þann þátt verkefnisins **Saman gegn ofbeldi** sem snýr að innflytjendum. Verkefnið gengur út á upplýsingamiðlun um ofbeldi þ.m.t. um birtingamyndir ofbeldis, íslenskan lagaramma er lýtur að ofbeldi, meðferðarmöguleika fyrir þá sem beita ofbeldi, ráðgjöf, stuðning og þjónustu sem stendur þeim til boða sem eru beittir eða hafa verið beittir ofbeldi, upplýsingar um verksvið lögreglu og hlutverk barnaverndar.

#### Fulltrúar í starfshópi og ráðgjafar:

Gerður Gestsdóttir - mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, leiðtogi hópsins  
Gunnhildur Gunnarsdóttir og Ania Wozniczka - W.O.M.E.N.  
Hildur Guðmundsdóttir - Kvennaathvarfið  
Helena Wolimbwa - Þjónustumiðstöðinni Vesturgarði  
Berglind Eyjólfsdóttir – Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

#### Hlutverk starfshópsins:

1. Taka saman upplýsingar um hvaða efni er til um viðfangsefni verkefnisins og hvaða þjónusta er í boði.
2. Gera tillögu að því hvort þurfi að uppfæra efni sem er til eða setja saman nýtt.
3. Kortleggja hvar og hvernig hægt er að koma upplýsingum til markhópsins.
4. Gera tillögu að því á hvaða formi er best að koma upplýsingum til markhópsins.
5. Gera tillögu að upplýsingagjöf og fræðslu til samstarfsaðila verkefnisins.

#### Ábyrgðarmaður starfshóps:

Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri **Saman gegn ofbeldi**.

#### Starfstími vinnuhóps:

Frá janúar 2016 til apríl 2016.

#### Til ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:

Edda Ólafsdóttir, Velferðarsviði/mannréttindaskrifstofu  
Stýrihópur verkefnisins **Saman gegn ofbeldi**.